

101 *Aths.* Með því að sýslunefndirnar í Mýra- og Borgarfjarðarsýslum hafa leitt hjá 20. sept. sjer, að ákveða meðalmeðlag með óskilgetnum börnum á aldursskeiðinu frá 14 til 16 ára, hlýtur meðlagsupphæðin að teljast fyrst um sinn hin sama, sem tiltekin er í yfirvaldsúrskurðinum um fúlguna.

Suður- og Vesturömtin, Reykjavík 20. sept. 1904.

J. Havsteen.

102
13. sept.

Auglýsing

um breyting á auglýsing 25. setpbr. 1901, um yfirsetukvennaumdæmaskipun í Suðuramtinu.

Rangárvallasýsla.

1. Austureyjafjallahreppur.
2. Vestureyjafjallahreppur.
2. Austurlandeyjahreppur.
4. Vesturlandeyjahreppur, með hinum svonefndu Bakkabæjum í Rangárvallahreppi.
5. Fljótshlíðarhreppur utan Litlu Þverár.
6. Fljótshlíðarhreppur innan Litlu Þverár.
7. Hvolhreppur.
8. Rangárvallahreppur að fráskildum Bakkabæjum og þeim bæjum, er nú eiga kirkjusókn að Skarði og Landi.
9. Landmannahreppur með þeim bæjum í Rangárvallahreppi, sem eiga kirkjusókn að Skarði.
10. Þykkvibær.
11. Kálfsólta- Áss- og Háfssóknir utan Þykkvabæjarósa.
12. Oddasókn utan Ytri Rangár og Árbæjarsókn í Holtahreppi.
13. Haga- og Marteinstungusóknir.

Suðuramtið, Reykjavík 13. septbr. 1904.

J. Havsteen.